

Ed.

752. Nefndarálit

[253. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. maí 1975.

Axel Jónsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Jón Árm. Héðinsson.	Ingi Tryggvason.	Steingr. Hermannsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Fylgiskjal.

Reykjavík, 9. maí 1975.

Frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969, 253. mál, þskj. 492.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fjallað um efni þessa frumvarps.

Enda þótt stjórninni sé ljóst, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélög landsins, telur stjórnin, að ákvæði þess um stofnun húsfriðunarsjóðs séu svo mikils virði, að hún mælir einróma með samþykkt frumvarpsins nú á þessu þingi.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur, að samþykkt þessa frv. muni marka tímamót í húsfriðunarmálum hér á landi og með því minnist Íslendingar á verðugan og viðeigandi hátt húsfriðunarárs Evrópu.

Framanritað tilkynnist háttv. þingdeildarnefnd hér með.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.